

Mál nr. 176/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. ágúst 2025, ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 8. júlí 2024 var bifreiðinni A, sem M ók, ekið aftan á bifreiðina B. Í málskotinu er byggt á því að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni og því til staðfestingar liggi m.a. fyrir í málinu samskiptaseðlar heilsugæslu, dags. 10. júlí 2024, 20. september 2024, vottorð frá bæklunarlækni, dags. 12. mars 2025, skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 16. apríl 2025 og matsgerð tveggja matsgerð, dags. 21. júlí 2025. Í málskoti eru færð rök fyrir því, m.a. með vísan í framangreind gögn svo og í dómaframkvæmd, að M hafi tekist að sanna að orsakatengsl séu milli þeirra heilsufarlegu einkenna sem hún kvartar yfir í dag og framangreinds umferðarslyss. Þá er þar einnig byggt á að fyrirbyggjandi PC Crash skýrsla breyti ekki framangreindu.

Í athugasemdum V, dags. 12. júní 2025, er því hafnað að M hafi tekist að sanna orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna M. Því til stuðnings bendir V m.a. á að í fyrirbyggjandi PC Crash skýrslu komi fram að aftanákeyrslan hafi verið svo væg að nánast ekkert högg hafi orðið við áreksturinn. Þá bendir V einnig á upplýsingar í fyrirbyggjandi sjúkraskrá M. Bent er á að í samskiptaseðli frá 26. nóvember 2020 komi fram að M hafi þá leitað til heilsugæslunnar vegna vöðvabólgu út frá vinstri hlið frá hálsi og að einkenni leiði niður vinstri efri útlím. Þá fái M oft höfuðverk. Einnig er bent á að samkvæmt samskiptaseðli, dags. 8. desember 2020, eigi M sér nokkurra ár sögu um verki í vinstri öxl. Þá komi fram í sjúkraskrá, dags. 8. nóvember 2023, að M sofði illa vegna verkja í vinstri öxl sem leiðri niður í handlegg. Hafi hún verið í sjúkraþjálfun vegna þessa. Til viðbótar bendir V á að við fyrstu komu til læknis eftir slysið, þ.e. 10. júlí 2024, lýsi M verkjum í hálsi og herðum vinstra megin og hafi læknirinn ekki talið þörf á rannsóknum þar sem hann hafi talið líklegast að um vöðvabólgu eða spennu í kjölfar árekstursins væri að ræða. Þá komi fram í beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 20. september 2024, að M sé með verki í vinstri öxl, stíf í vöðvum í kring og finni fyrir dofa. V vekur athygli á því að það séu sömu einkenni og lýst sé í sjúkraskrá 8. nóvember 2023, þ.e. fyrir slysið. V gerir einnig athugasemdir við fyrirbyggjandi vottorð frá bæklunarlækni, dags. 12. mars 2025, m.a. fullyrðingu sem þar komi fram um að M hafi verið við góða heilsu fyrir slysið og að hún hafi hlotið tognun á hálsi og væga tognun á vinstri öxl. Bendir V m.a. á í þessu sambandi að ítrekað hafi komið fram að þar sé um sömu einkenni að ræða og M var að glíma við fyrir slysið. Þá beri vottorðið með sér að M hafi mætt einu sinn sinni til bæklunarlæknisins og að hann hafi ekki verið meðferðarlæknir hennar. V telur því að vottorðið hafi takmarkað sönnunargildi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 4. ágúst 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Þá fylgdi með athugasemdunum matsgerð, dags. 21. júlí 2025. Telur M, m.a. með vísan í niðurstöðu matsgerðarinnar, að M hafi sannað orsakatengsl milli núverandi einkenna hennar og slyssins 8. júlí 2024.

Álit.

Aðila greinir á um hvort það telist sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni 8. júlí 2024, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hér sönnunarbyrðina. Þó svokölluð PC Crash skýrsla lýsi litlum áhrifum áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að líkamstjón geti hafa orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til allra gagna málsins, einkum læknisfræðilegra. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M leitaði til læknis 10. júlí 2024. Í samskiptaseðli fyrir þá heimsókn eru m.a. skráð þreifiefymsli á hálsi vinstra megin sem og herðum og sjalvöðva (trapezius) þeim megin en að ekki séu jafn mikil eymsli hægra megin. Þá sé M mjög stíf í vöðvum en með eðlilega hreyfigetu um háls og axlir. Taldi læknirinn líklegast að um væri að ræða vöðvabólga/spennu í kjölfar árekstursins og að ekki væri þörf á frekari rannsóknnum að svo stöddu. Var M greind með vöðvabólgu. Ekki er minnst á tognun. Í samskiptaseðli, dags. 20. september 2024, kemur m.a. fram að við skoðun þann dag hafi M verið með þreifiefymsi yfir vinstri öxl og herðablaði sem leiði í hnakka. Greiningin er verkur í lið. Aftur er ekki minnst á tognun. Ef frá er talið komur til sjúkraþjálfara og ein koma til bæklunarlæknis, í tengslum við skrif á vottorði, verður ekki séð af gögnum málsins að M hafi leitað eftir frekari heilbrigðisþjónustu vegna meintra afleiðinga slyssins.

Eins og áður hefur komið fram byggir V á því að þau einkenni sem M vill tengja við slysið 8. júlí 2024, eigi sér eldri skýringar. Um sé að ræða einkenni sem M hafi verið að kljást við fyrir umrætt slys. Í fyrirliggjandi göngum kemur m.a. fram að M leitaði til heilsugæslunnar 26. nóvember 2020. Kvartaði hún þá undan vöðvabólgu-einkennum út frá vinstri hlið frá hálsi og að einkenni leiði niður vinstri efri útlím. Er tekið fram að M sé örvhent. Tekur læknirinn fram að skoðun hafi leitt í ljós klára vöðvabólgu í sjalvöðva (trapezius) og latissimus dorsi. Þá kemur þar fram að M fái oft höfuðverk. Greindi læknirinn M með vöðvabólgu og mígreni. Í samskiptaseðli, dags. 8. desember 2020, er m.a. skráð að M eigi sér nokkurra ára sögu um verki í vinstri öxl. Þá kemur fram í samskiptaseðli mæðraverndar, dags. 8. nóvember 2023, en M var þá ólétt, að M sofi illa vegna grindarverkja og nú sé einnig verkur í öxl sem leiði niður í hendi og dofatilfinning sem fylgir. Kemur fram að M sé í sjúkraþjálfun vegna framangreinds.

Nefndin telur að framangreindar heilsufarslegu upplýsingar bendi til þess að þau einkenni sem M hefur verið að kljást við eftir slysið 8. júlí 2024 séu eðlislík þeim einkennum sem hún var áður að kljást við. Því fær nefndin ekki séð að fyrir hendi séu forsendur að draga þær ályktanir af gögnum málsins, eins og þó virðist gert í skýrslu sjúkraþjálfara, vottorði bæklunarlæknis og fyrirliggjandi matsgerð, að M hafi hlotið viðbótaráverka (tognun) í slysinu. Í því sambandi bendir nefndin m.a. á að matmenn virðast ekki hafa haft undir höndum frekari heilsufarslegar upplýsingar um afleiðingar slyssins eða um fyrra heilsufar M en liggja fyrir nefndinni. Hvað varðar bæklunarlækninn sérstaklega bendir nefndin á að af vottorði hans verður ekkert séð á hvaða gögnum öðrum en frásögn M og skoðun læknisins, byggt er á þegar hann dregur ályktanir, m.a. um tognun M. Af sjúkrasögu M verður því ráðið að M hafi glímt við viðlíka einkenni fyrir slysið. Þá benda gögn málsins ekki til þess að einkenni þau sem M vill tengja við slysið séu sértæk fyrir slysaáverka. Þessu til viðbótar áréttar nefndin að í fyrstu gögnum frá heilsugæslu eftir slysið 2024 var umkvörtunarefni M greint sem vöðvabólga.

Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli núverandi einkenna hennar og slyssins 8. júlí 2024. Hún eigi því ekki bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

M byggir einnig á því í málskoti að framkvæmd V samræmist ekki góðum viðskiptaháttum, sbr. reglur nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana. Samkvæmt 12. gr. reglnanna er það Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem er eftirlitsstjórnvald með reglum nr. 353/2022. Fellur ágreiningur þar að lútandi því utan við starfssvið nefndarinnar, sbr. alíð 4. gr. samþykktar hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir